

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hvaleyrar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 12. desember 2007 breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrar í Hafnarfirði. Breytingin felst í að bætt er inn á deiliskipulagsuppdrátt lóð og byggingarreit fyrir dreifistöð og lóð og byggingarreit fyrir loftgæðamælingastöð innan lóðar golf-skála. Gerður verði nýr aðkomuvegur að æfingasvæði og áhaldahúsi golfklúbbsins. Aður fyrirhugaður aðkomuvegur að svæðinu er felldur út. Við breytta vegtengingu breytast skipulagsmörk við Miklaholt og Vesturholt og lega göngustíga. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 10. janúar 2008,

Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 24. janúar 2008